



Niðurstöður starfshóps um endurgerð Miklatúns 2009

Miklatún verði fjölbreytt útivistarsvæði sem bjóði upp á ýmiss konar tækifæri til afþreyingar og íþróttaiðkunar en einnig aðlaðandi dvalarsvæði bæði fyrir íbúa nærliggjandi hverfa og alla borgarbúa. Svæðið höfði til allra hópa og sérstaklega fjölskyldufólks.

Aðgengi og tengsl

- Aðgengi og öryggi verði bætt fyrir gangandi og hjólandi. Skoða þarf aðliggjandi umferðargötur með það að markmiði að bæta aðgengi að garðinum fyrir hjólandi og gangandi (s.s. yfir Lönguhlíð hjá Bólstaðarhlíð vantar gönguleið, gangstétt við Flókagötu vantar) og stígakerfi garðsins tengt betur við hverfi.
- Aðalinngangar sbr. upprunaleg teikning verði gerðir sýnilegir og veglegir með hliðum, þ.e. horn Miklubrautar og Lönguhlíðar annars vegar og horn Flókagötu og Rauðarársstíg hins vegar. Huga að því að þar séu lítil torg sem inngangur.
- Skoða möguleika og fýsileika þess að að tengja götuna Reykjahlíð betur saman, sunnan og norðan megin við garðinn og athuga hvort ekki er hægt að tryggja að þetta verði til framtíðar aðalstígur fyrir hjólreiðafólk sem kemur ofan úr Holtum yfir í Hlíðar.
- Gert verði yfirlitsskilti með mynd og skýringum af garðinum við aðalinnganga til upplýsinga fyrir gesti og gangandi þar sem m.a. eru merkt inn klósett.
- Plantað verði krónutrjám í umferðareyjur við Lönguhlíð og til framtíðar á Miklubraut þegar stokkalausn fer í framkvæmd til að stækka garðinn og hægja á umferð í kringum garðinn.
- Aðalstígar verði malbikaðir og upphitaðir til lengri framtíðar.
- Legu aðalstígs vestan Kjarvalsstaða breytt og lagður eins og sá „óskastígur“ sem gangandi vegfarandi velja sér í dag.
- Lýsing sé bætt en þó með það í huga að hægt sé að njóta myrkurs og stjörnuskoðunar þegar veður er þess háttar. Skoða þarf lýsingu með öryggissjónarmið í huga.
- Göngustígur af bílastæðum Kjarvalsstaða að túninu skilgreindur vestan megin við listasafnið. Þetta eykur líkurnar á því að gestir sem vilja nota garðinn leggi á stæðum Kjarvalsstaða. Að sama skapi þarf að afnema alfarið akstur bifreiða inn á túnið.
- Útbúin verði merkt hringleið (skokkleið) í garðinum sem er skýrt merkt og með mælingum á fjarlægðum. Skokkleiðin þarf ekki að vera með aðalstígum og ætti jafnvel að fara meðfram stórum trjám og runnum í garðinum.



- Haldin verði nafnasamkeppni um heiti stíga og svæða á túninu meðal borgarbúa og unnið með gömul staðar- og bæjarnöfn til að halda sögu Miklatúns og Klambratúns til haga.
- Óskað verði eftir við menningar- og ferðamálaráð að setja upp menningarmerkingu um Miklatún sem segir frá sögu túnsins.

Kjarvalsstaðir

- Skilgreina þarf hlutverk Kjarvalsstaða gagnvart garðinum. Skoða þannig til lengri tíma afgreiðslu kaffihúss með það að markmiði að hægt verði að hafa opið út í garðinn lengur en til 17.00 eins og í dag. Auka þarf aðsókn að kaffihúsi með uppákomum sem tengja saman garðinn og listasafni (t.d. Klambrajazz, gjörningar ofl.)
- Verönd/port Kjarvalsstaða tengd við garðinn þannig að malarvegur skilji ekki húsið frá garðinum. Tyrfa þarf á milli garðs og ports og fjarlægja tré sem dregur úr útsýni yfir í garðinn. Tryggja þarf á þessu svæði leikvöll fyrir yngstu börnin þannig að foreldrar sjái vel til barna sinna frá kaffihúsinu. Athuga þarf hvort þetta leik- og dvalarsvæði geti verið með “listrænu yfirbragði” í samstarfi við nema LHÍ og/eða listamenn sem sé búið náttúrulegum leiktækjum (s.s. hólar, þúfur, vatn, trédrumbar).
- Miðbik stóra túnsins sé hannað þannig að þar sé hægt að njóta tengsla Kjarvalsstaða en þó ekki þannig að túnið skerist í tvennt og áfram sé hægt að bjóða upp á stóra tónleika á túninu.

Tónleikar og leikhús

- Setja rafmagnstengingu svo hægt verði að spila tónlist og sýna leikrit í skálinni austast á túninu (Amphitheatre). Skálin er annars látin óhreyfð til að tryggja vetrarleiki barna.
- Fjölga rafmagnstengingum almennt í garðinum fyrir uppákomur.
- Tyrfa yfir en merkja púða á stóra túninu við Kjarvalsstaði sem eru til að tryggja stuðning fyrir svið og annað sem fylgir tónleikahaldi.

Íþróttir og leikir

- Vinnusvæði sem nú er nýtt af garðyrkju verði afnumið sem slíkt og flutt á svæði hverfisbækistöðvar. Núverandi vinnusvæði verði strax breytt í leiksvæði og hannað að nýju sem svæði fyrir börn og/eða unglinga. Leiksvæðin tengist öll saman (svæði yngstu barna og körfuboltavöllur).



- Fótboltavöllur við Lönguhlíð verði margnota. Þrír vellir verði gerðir í stað eins svo fleiri geti nýtt völlinn. Tveir af þremur völlum verði tyrfðir en einn áfram með mól fyrir fjölbreytta notkun, t.d. brennibolta.
- Niðurgröfnum hjólabrettagarði með aðstöðu fyrir unglunga til að spjalla í kring verði fundinn staður á túninu. Sjá Vasaparken í Stokkhólmi fyrir hugmyndir.

Gróður og vatn

- Yndisgarður verði skilgreindur á afmörkuðu svæði. Hugmyndin er að þarna sé ró og friður, nægt úrval af bekkum og gott skjól. Jafnvel sé garðurinn girtur af og skilgreindur sem svæði þar sem er kyrrð. Athuga með að eldri borgarar í hverfinu taki þennan garð í fóstur og þarna verði skilgreint svæði fyrir rósagarð eða annan fagurgróður sem sé valinn og unnið að í samstarfi eldri borgara og garðyrkju.
- Gróðurfur og trjágróður endurskoðaður út frá skjóli og framtíðarskipulagi.
- Vestast í garðinum hjá Rauðarárstíg komi tjörn eða manngerður lækur (líkt og í Díönulundi í Hyde Park) sem hentar vel fyrir börn að busla í á sumrin og skoðað hvort geti líka verið leiksvæði í frosti. Vatnsbrunnar eða stytur sem skjóta vatni í heitum veðrum verði komið fyrir til leiks.

Dvalarsvæði

- Grillaðastaða og nestisaðstaða bætt almennt og snyrt. Fleiri skjólsæl dvalarsvæði sett upp fyrir góðviðrisdaga með fleiri bekkjum.
- Salernisaðstöðu komið upp á fleiri stöðum í garðinum og merkt vel fyrir útivistarfólk.

Bækistöðvarsvæði

- Hverfabækistöð Framkvæmdasviðs fari á nýjan stað til framtíðar. Garðyrkjubækistöð flytji á svæðið í staðinn úr Laugardal og möguleiki flutnings félagsstarfsemi ÍTR fyrir hverfið komi þarna að einnig og svæðið sé opnað betur fyrir íbúa og notendur garðsins.
- Skapa skemmtilegt umhverfi með samspili garðyrkjufólks sem sinnti garðinum og þeim aðilum sem hefði umsjón með tómsundum, kennslu og upptökum í hverfinu. Huga þarf að öðruvísi þjónustu við notendur garðsins, s.s. lausum leikföngum sem fara út til notkunar og eru geymd örugg á kvöldin og léttum veitingum sem henta mögulega börnum betur en kaffihúsaþjónusta Kjarvalsstaða.
- Komið verði böndum á aðgang bíla við bækistöðvarsvæði.